



Akureyrarbær

Heiðursviðurkenning Menningarsjóðs 2020

Heiðursviðurkenningarhafinn okkar er fæddur um miðja síðustu öld í húsi afa síns og ömmu á Eyrinni á Akureyri – þeirra Gests sótara og Lísbetar. Hann var í framhaldskóla þegar hann var beðinn að taka þátt í afmælisýningu Leikfélags Akureyrar á Draumi á Jónsmessunótt eftir William Shakespeare. Hlutverkið var varðmaður með spjót. Þetta var 1967. Strax árið eftir var hann fenginn til að taka þátt í sýningu L.A. í Sjallanum á sýningu sem hét Rjúkandi ráð og lék þar löggú – þá fyrstu en alls ekki síðustu. Eftir þetta lék hann, eða var viðloðandi nánast allar sýningar leikfélagsins til ársins 1985 er hann sagði upp föstum leikarasamningi sínum.

Ef ég segi ykkur að viðurkenningarhafinn sé mikill áhugamaður um flug og flugsögu og hafi stýrt vinsælum útvarps- og sjónvarpsþáttum er ég viss um að þið áttið ykkur. Syngi ég „Hvítir mávar...“ – sem ég ætla ekki að gera - þá verður ekki um villst. Ég er að tala um Gest Einar Jónasson, leikara, fjölmiðla- og safnamann.

Ég nefndi áðan afa og ömmu Gests en foreldrar hans voru Bára Gestsdóttir húsmóðir og Jónas Einar Einarsson flugumferðarstjóri.

Gestur Einar byrjaði eins og áður sagði ungur í leikhúsinu og eftir að hafa sótt námskeið og þjálfun hér heima í leiklist fór hann til London og sótti sér frekari menntun í listinni.

Hann var í hópi fyrstu leikara sem voru ráðnir á fastan samning hjá Leikfélagi Akureyrar árið 1973. Á tíma sínum hjá LA lék Gestur um eða yfir 100 hlutverk á sviði á Akureyri og á leikferðum víða um land, auk þess að leikstýra hjá L.A. og hjá áhugafélögum.

Af eftirminnilegum hlutverkum má nefna, Umba í Kristnihaldi undir jökli, Eftirlitsmanninn úr samnefndu verki, hinn geðþekka Mikka ref í Dýrunum í Hálsaskógi og Jónatan ræningja í Kardemommubænum, bæði síðasttöldu hlutverkin í tvígang. Þá má nefna Natan Ketilsson í verkinu um Skáld-Rósu og rónann í Fyrsta öngstræti til vinstri.

Gest höfum við séð margsinnis á hvíta tjaldinu - í bíómyndunum Útlaginn, Kristnihaldni undir jökli, Karlakórnum Heklu, Stellu í orlofi, Gullsandí, Með allt á hreinu, Svaninum o.fl..

Og í sjónvarpinu í seríum eins og Hæ-Gosi og Tími nornarinnar svo eitthvað sé nefnt.

Hann gegndi ýmsum trúnaðarstörfum fyrir Félag íslenskra leikara og sat um tíma í leikhúsráði LA sem og í stjórn félagsins. Fyrir nokkru var Gestur gerður að heiðursfélaga LA.

Gestur Einar er líka öflugur fjölmiðlamaður. Hann var blaðamaður á Degi á Akureyri og tók þátt í stofnun útvarps Hljóðbylgjunnar á Akureyri 1987 og var forstöðumaður hennar í byrjun. Hann hóf síðan störf hjá Ríkisútvarpinu sama ár með aðsetur á Akureyri. Þaðan stjórnaði hann vinsælum þáttum á borð við Hvíta máva og Með grátt í vöngum. Hann sá um viðtalsþætti bæði í útvarpi og sjónvarpi, auk þess að vinna við fréttir og íþróttalýsingar. Síðustu árin hefur Gestur séð um viðtalsþáttinn Hvíta máva á norðlensku sjónvarpsstöðinni N4.

Okkar maður hefur alltaf haft mikinn flugáhuga og sótti sér flugpróf á unga aldri. Hann var safnstjóri Flugsafns Íslands frá árinu 2008 til síðustu áramóta og vann þar að uppbyggingu safnsins sem varðveitir mikilvæga atvinnu- og menningarsögu. Þá hefur Gestur Einar setið í stjórn Vélflugfélags Akureyrar. Gestur er íþróttáhugamaður mikill og KA maður þar sem hann hefur lagt hönd á plóg og setið í stjórn.

Mest af störfum sínum hefur Gestur unnið hér heima á Akureyri, þar sem hann hefur unnið með ýmsum öðrum listamönnum, svo sem Ingimar Eydal og hans fólki og fjöldamörgum öðrum.

Lengi mætti telja enn en ég læt hér með staðar numið. Það er mér mikil ánægja að tilkynna um þessa heiðursviðurkenningu sem Gestur Einar Jónasson hlýtur fyrir mikilsvert framlag til menningarlífs á Akureyri. Til hamingju Gestur Einar og takk fyrir okkur.